



Fundargerð

46. fundur Hreppsnefndar Ásahrepps haldinn í fjarfundarkerfi Zoom, miðvikudaginn 15. september 2021, kl. 08:30.

Fundinn sátu:

Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Brynja Jóna Jónasdóttir, Egill Sigurðsson, Elín Grétarsdóttir, Guðmundur Jóhann Gíslason og Valtýr Valtýsson.

Fundargerð ritaði: Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri.

1. Fundargerð 222. fundar skipulagsnefndar - 2109002

Lögð fram fundargerð 222. fundar skipulagsnefndar UTU ásamt afgreiðslufundi byggingarfulltrúa nr. 21-147.

Mál nr. 1; Námur og efnislosunarsvæði við Þórisós; Ný svæði; Aðalskipulagsbreyting - 2011057.

Lögð er fram tillaga vegna breytingar á aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022 eftir auglýsingu. Í breytingunni felst skilgreining á fjórum nýjum efnistökusvæðum og einu efnislosunarsvæði í nágrenni við Þórisós. Umsagnir bárust á auglýsingatíma skipulagsbreytingar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða breytingu á aðalskipulagi eftir auglýsingu. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma skipulagsbreytingarinnar og brugðist hefur verið við umsögnum innan tillögunnar þar sem við á. Hreppsnefnd Ásahrepps óskar eftir því við Skipulagsstofnun að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 2; Kálfholt K4a; Upprunaland Kálfholt L165294; Stofnun lóðar - 2108031.

Brynja J. Jónasdóttir vék af fundi við afgreiðslu þessa dagskrárliðar.

Lögð er fram umsókn frá Ísleifi Jónssyni er varðar stofnun 13,4 ha landspildu úr landi Kálfholt L165294. Spildunni er ætlað að sameinast Laufbrekku (áður Kálfholt k1b) L219273. Hreppsnefnd Ásahrepps gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirleggjandi umsókn. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða erindið með fyrirvara um að samhliða verði unnin breyting á deiliskipulagi svæðisins sem gerir grein fyrir breyttri legu og stærð lóðarinnar. Breyting á deiliskipulagi fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga og verði grenndarkynnt innan skipulagssvæðisins.

Mál nr. 3; Sauðholt A og Sauðholt B; Upprunaland Sauðholt L165313; Stofnun lóða - 2107070.

Lögð er fram umsókn Kristjönu Ragnarsdóttur er varðar stofnun tveggja lóða úr landi Sauðholts, L165313. Umsóknin byggir á gildandi deiliskipulagi svæðisins.

Hreppsnefnd Ásahrepps gerir ekki athugasemd við stofnun lóðanna á grundvelli fyrirleggjandi umsóknar að undangenginni óverulegri breytingu á deiliskipulagi svæðisins þar sem lega vegar innan svæðisins er lagfærð og stærð og staðsetning lóðanna er skýrð og samræmd í takt við framlagt lóðarblað. Deiliskipulagsbreyting fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða erindið með ofangreindum fyrirvara ásamt fyrirvara um uppfært lóðablað m.a. til samræmis við breytt deiliskipulag.

*Mál nr. 49; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 21-147 - 2107026F.
Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 21-147.*

2. Fundargerð 223. fundar skipulagsnefndar - 2109020

Lögð fram fundargerð 223. fundar skipulagsnefndar UTU ásamt afgreiðslufundargerð byggingarfulltrúa nr. 21-148.

*Mál nr. 34. Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 21-148 - 2108002F.
Fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 21-148 lögð fram til kynningar.*

3. Fjallskiladeild Holtamannafréttar - 9 - 2108006F

Lögð fram fundargerð 9. fundar fjallskiladeildar Holtamannafréttar.

Hreppsnefnd Ásahepps samþykkir fundargerðina fyrir sitt leyti.

4. Fundargerð 12. fundar sameiningarnefnd - 2109017

Lögð fram fundargerð 12. fundar samstarfsnefndar um sameiningu sveitarfélaganna í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.

Til kynningar.

5. Fundargerð 13. fundar sameiningarnefndar - 2109018

Lögð fram fundargerð 13. fundar samstarfsnefndar um sameiningu sveitarfélaganna í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.

Til kynningar.

6. Fundargerð 14. fundar sameiningarnefndar - 2109019

Lögð fram fundargerð 14. fundar samstarfsnefndar um sameiningu sveitarfélaganna í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.

Til kynningar.

7. Fundargerð 68. fundar stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs. - 2109014

Lögð fram fundargerð 68. fundar stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs.

Til kynningar.

8. Fundargerð 69. fundar stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs. - 2109012

Lögð fram fundargerð 69. fundar stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs.

Hreppsnefnd Ásahepps staðfestir samhljóða ársreikning Brunavarna Rangárvallasýslu bs fyrir árið 2020 fyrir sitt leyti.

Fundargerð til kynningar að öðru leyti.

9. Fundargerð 90. fundar félagsmálanefndar - 2109001

Lögð fram fundargerð 90. fundar félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.

Til kynningar.

10. Fundargerð 87. fundar stjórnar byggðasamlags UTU - 2109003

Lögð fram fundargerð 87. fundar stjórnar byggðasamlags UTU.

Til kynningar.

11. Fundargerð 213. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands - 2109004

Lögð fram fundargerð 213. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands. Einnig lögð fram drög að samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla sem lögð verður fram til afgreiðslu á næsta aðalfundi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

Til kynningar.

12. Fundargerð 29. fundar stjórnar Bergrisans bs. - 2109007

Lögð fram fundargerð 29. fundar stjórnar Bergrisans bs.

Til kynningar.

13. Fundargerð 30. fundar stjórnar Bergrisans bs. - 2109008

Lögð fram fundargerð 30. fundar stjórnar Bergrisans bs.

Til kynningar.

14. Fundargerð 31. fundar stjórnar Bergrisans bs. - 2109009

Lögð fram fundargerð 31. fundar stjórnar Bergrisans bs.

Til kynningar.

15. 571. fundur stjórnar SASS - 2108016

Lögð fram fundargerð 571. fundar stjórnar SASS.

Til kynningar.

16. Fundargerð 900. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2109005

Lögð fram fundargerð 900. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Til kynningar.

17. Möguleg stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs - 2108015

Lagt fram tölvuskeyti umhverfis- og auðlindaráðuneytis, dags. 18. ágúst 2021, þar sem komið er á framfæri hugmyndum um stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs. Um er að ræða landsvæði nyrst norðan Tungnaár sem er hluti af Holtamannaafretti.

Hreppsnefnd Ásahrepps hafnar samhljóða fyrirhugaðri stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs, sbr. framlagt erindi umhverfis- og auðlindaráðuneytis, sem lítur að landsvæði innan Holtamannaafreittar.

18. Tenging ljósleiðara að Áshömrum og Húsum - 2108017

Lagt fram tölvuskeyti Óðins Ö. Jóhannssonar, dags. 23. ágúst 2021, þar sem hann óskar eftir aðkomu Ásahrepps/Ásaljóss við uppbyggingu innviða til að geta komið á ljósleiðaratenginu að Áshömrum og Húsum. Einnig lög fram afstöðumynd þar að lútandi.

Hreppsnefnd Ásahrepps tekur jákvætt í erindið og samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að vinna kostnaðaráætlun fyrir verkefnið og leggja fyrir næsta reglubundna fund hreppsnefndar til lokaafgreiðslu.

19. Tilnefning í ungmennaráð Suðurlands - 2109010

Lagt fram bréf Ungmennaráðs Suðurlands, dags. 1. september 2021, þar sem óskað er eftir að hreppsnefnd Ásahrepps tilnefni einn aðalmann og einn varamann til setu í Ungmennaráði Suðurlands.

Brynja J. Jónasdóttir vék af fundi við afgreiðslu þessa dagskrárliðar.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að tilnefna:

Þorbjörg Skarphéðinsdóttir sem aðalmann og Sveinn Skúli Jónsson sem varamann fyrir hönd Ásahrepps.

20. Bréf samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis; breytingar á leiðbeiningum um ritun fundargerða og notkun fjarfunda - 2109011

Lagt fram bréf samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, dags. 1. september 2021, þar sem kynntar eru breytingar á leiðbeiningum um ritun fundargerða og notkun fjarfundarbúnaðar. Þetta kemur í kjölfar breytinga á sveitarstjórnarlögum nr. 96/2021.

Hreppsnefnd Ásahrepps gerir engar athugasemdir við auglýsingar um leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna og leiðbeiningar um notkun fjarfundarbúnaðar á fundum sveitarstjórna.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að gera breytingu á samþykktum um stjórn og fundarsköp Ásahrepps þar sem heimilað verði notkun fjarfundarbúnaðar á fundum sveitarstjórna og undirnefnda.

21. Beiðni um styrk vegna námskeiðskostnaðar - 2109013

Lagt fram tölvuskeyti Ragnheiðar Á. Ólafsdóttur, launafulltrúa hjá Ásahreppi, dags. 6. september 2021, þar sem óskað er eftir styrk vegna námskeiðs í DK bókhaldskerfi.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir að greiða styrk ef fræðslusjóður FOSS greiðir ekki allan námskeiðskostnaðinn. Styrkfjárhæð ræðst af því að greiða þá mismun sem útaf stendur.

22. Lagning rafstrengs að Ferjukoti við Hald - 2109015

Lagt fram tölvuskeyti RARIK, dags. 28. apríl 2021, þar sem fram kemur kostnaðaráætlun við lagningu rafstrengs frá Hrauneyjum að Ferjukoti við Hald. Einnig lagt fram bréf Vatnajökulspjódgarðs, dags. 26. ágúst 2021 þar sem fram kemur vilji til þess að greiða 10 milljónir króna sem fyrirfram greidda leigu á Ferjukoti, en um er að ræða nýtingu eins og verið hefur undanfarin sumur. Einnig liggur fyrir samþykki frá Landsvirkjun um styrk að fjárhæð kr. 10.000.000 til verkefnisins.

Staða mála lögð fram til kynningar. Endanleg afstaða verður tekin til verkefnisins þegar endanleg staða fjármögnunar liggur fyrir.

23. Kjörskrár fyrir alþingiskosningar og sameiningarkosningar sem fram fara 25. september 2021 - 2109016

Lagðar eru fram kjörskrár, annars vegar fyrir Alþingiskosningar og hins vegar fyrir sameiningarkosningar. Þessar kosningar verða haldnar samhliða þann 25. september 2021. Búið er að gera ráðstafanir í Ásgarði um fjölgun kjörklefa þannig að þessum kosningum verður haldið aðskildum.

Hreppsnefnd Ásahrepps staðfestir framlagðar kjörskrár og felur sveitarstjóra að árita þær. Kjörskrárnar liggja frammi á skrifstofu Ásahrepps frá og með deginum í dag, þann 15. september 2021.

Oddvita eða sveitarstjóra er veitt umboð hreppsnefndar Ásahrepps að gera leiðréttingar á kjörskrárstofni eftir því sem tilefni er til.

24. Rekstraryfirlit sveitarsjóðs Ásahrepps - 2101011

Lagt fram málaflökkayfirlit fyrir sveitarsjóð Ásahrepps tímabilið 1. janúar - 31. ágúst 2021.

Lagt fram málaflökkayfirlit fyrir sveitarsjóð Ásahrepps tímabilið 1. janúar - 31. ágúst 2021.

Til kynningar.

25. Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga; innleiðing lagaum samþætta þjónustu í þágu farsældar barna - 2109006

Lagt fram bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 30. ágúst 2021 um innleiðingu laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna.

Til kynningar.

26. Næsti fundur hreppsnefndar Ásahrepps - 2101018

Næsti fundur hreppsnefndar Ásahrepps verður haldinn þann 20. október 2021 og hefst klukkan 8:30.

Fundurinn verður staðarfundur og verður haldinn á skrifstofu sveitarfélagsins á Laugalandi.

Fundi slitið kl. 10:00.

Ásta Berghildur Ólafsdóttir

Brynja Jóna Jónasdóttir

Egill Sigurðsson

Elín Grétarsdóttir

Guðmundur Jóhann Gíslason

Valtýr Valtýsson

Undirritunarsíða

sveitarstjóri
Valtýr Valtýsson

oddviti hreppsnefndar
Ásta Berghildur Ólafsdóttir

hreppsnefndarfulltrúi
Brynja Jóna Jónasdóttir

hreppsnefndarfulltrúi
Egill Sigurðsson

hreppsnefndarfulltrúi
Elín Grétarsdóttir

hreppsnefndarfulltrúi
Guðmundur Jóhann Gíslason